

# ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)

**Ultra Bond Ofur-Lím (hlaup)  
82196**



## 1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Ultra Bond Super Glue Gel 2G**

Vörunúmer: **82196**

Notkun: **Ofur-lím (Síanóakrýlat-ester)**

Dreifing: **Bilanaust hf. Reykjavík**

Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA

Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)

Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585

**Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112**

Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.

**Sími 543 2222**

### Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlífðarbúnaður
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

## 2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
7085-85-0	230-391-5	Etýl-sýanóakrýlat	90-100	Xi	36/37/38
68909-20-6		Kísl, temprað	1-10		
9011-14-7		Pólý-metýlmetakrýlat	1-10		
123-31-9	204-617-8	Hýdrókínón	0,1-0,5	Xn, N	22-40-41-43-50-68

## 3. Varúðarupplýsingar.

**Eitrunarhætta:** Snerting við húð getur valdið bruna. Límir húð saman hratt og fast. Ertir augu og slímhúð.

**Eitrunarleiðir:** Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.

**Merki og einkenni snertingar:** Gufa mettuð umfram mengunarmörk ertir augu og slímhúð. Lengri tíma og ítrekuð snerting gufu af efninu getur valdið astmaeinkennum hjá viðkvæmum einstaklingum (þó ekki ofnæmisviðbrögðum).

**Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst við snertingu:** Engin þekkt.

## 4. Skyndihjálp:

### Inntaka:

Inntaka er ekki líkleg. Límið stírnar og festist í munnholi. Límist varir saman af slysi skal skola varir upp úr miklu magni af heitu vatni samtímis því sem munnvatni er þrýst á varirnar innanfrá. Togið varirnar eða flettið sundur varlega en reynið ekki að rífa þær sundur með átaki. Munnvatn losar límið á 12-48 klst.

### Innöndun:

Flytjið viðkomandi þangað sem er ferskt loft. Hafi öndun stöðvast skal beita öndunaraðstoð (munn-við munn) en súrefnisgjöf sé um öndunarerfiðleika að ræða. Leitið lækni.

### Snerting við húð:

Fjarlægjið umframlim. Gegnvætið með heitu vatni og sápu. Límið mun losna af hörundinu eftir nokkrar klst. Storkið lím er ekki hættulegt heilsu, jafnvel þótt festist á húð. Límist húð saman skal væta svæðið með heitu sápuvatni og fletta eða snúa húðina þar til límingin losnar. Nota má handfang teskeiðar. Hreinsið límið af húðinni með sápu og vatni. Reynið ekki að rífa sundur

Framhald á bls. 2

samanlímda húð. Sýanóakrýlat gefur frá sér varma við stirðnun. Í undantekningartilf. getur límdropi verið nógu stór til að valda bruna Bruna skal meðhöndla á venjulegan hátt eftir að límið hefur verið fjarlægt af húðinni eins og lýst er hér að ofan..

**Snerting við augu:** Komist efnið í augu og lími saman augnlok eða augnlok við hornhimnu skal skola tafarlaust með miklu heitu vatni og leggja síðan votan bakstur við augað. Augað opnast aftur, án frekari aðgerða eftir 1-4 daga. Einskis frekari skaða er að vænta. Reynið ekki að opna augun með afli eða hreyfingu. Komist sýanóakrýlat í auga hverfist það með prótíni augnvökvans og leysist upp á ákveðnum tíma, oftast nokkrum klst. Meðan á því stendur má búast við tárfeili og sjóntruflunum, svo sem tvísýni og votu auga. Mikilvægt er að skilja þetta ferli og vita að upplausn límsins tekur venjulega nokkrar klukkustundir, jafnvel þótt talsvert magn hafi komist í auga.

#### 5. Eldsvoði: Slökkvun.

**Blossamörk:** 85 °C

**Slökkviefni:** Kolsýra, þurrduft, froða

**Slökkviaðferð:** Nota skal öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.

**Hættuleg niðurbrotsefni:** Ertandi gastegundir.

**Óvenjuleg eld- eða sprengihætta:** Getur fjölliðast með varmaafgjöf.

**Sprengimörk, lægri:** Ekki tilgreind

**Sprengimörk, hærri:** Ekki tilgreind

#### 6. Efnaleki.

**Hreinsun:** Notið mikið vatn til að efnið hverfist (fjölliðist). Tryggið góða loftræstingu. Bindið með óvirku uppsogsefni, setjið í traust lokað ílát og geymið fram að förgun.

#### 7. Meðhöndlun og geymsla.

**Geymsla:** Geymið ekki við hærra hitastig en 24 °C.

**Meðhöndlun:** Forðist snertingu við augu og húð. Andið ekki gufu af efninu. Þvoið hendur fyrir neyslu matar og/eða drykkjar, tyggigúms, áður en tóbaks er neytt og áður en farið er á salerni.

**8. Persónuhlífar - forvarnir.****Augu:** Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.**Húð:** Nitrilhúðuð svunta eða hlífðargalli. Notið ekki bómullarefni. Hlífðarhanskar skulu vera úr pólýetylen eða gúmi.**Loftræsting:** Loftræsting þarf að vera nægilega öflug til að gufa efnis í andrúmslofti haldist innan mengunarmarka.**Öndunarbúnaður:** Sé loftræstingu áfátt skal nota viðeigandi viðurkenndan öndunarbúnað (NIOSH, o.s.frv.).**Mengunarmörk:**

CAS Nr.	Styrkur %	ACGIH-mörk 8. klst. meðaltími	OSHA-mörk 8. klst. meðaltími
7085-85-0	Etýlsýanóakrýlat	90-100	0,2 ppm
68909-20-6	Kísl, temprað, forml.	1-10	10 mg/m <sup>3</sup> (í lofti) 3 mg/m <sup>3</sup> (gríma)*
9011-14-7	Pólý-metýl-metakrýlat	1-10	IARC: Fl. 3 (vol. 19, bls. 187. 1979)
123-31-9	Hýdrókínón	0,1-0,5	2 mg/m <sup>3</sup>

NTP: Krabbameinsvaldur í rottum af báðum kynjum, ekki kark. músum en að einhverju leyti í kvk. músum.

ACGIH: Hýdrókínón er flokkað sem krabbameinsvaldandi efni í dýrum A3.

\* Viðyurkennd öndunargríma á að halda metun innan þessara marka.

**9. Eðlis- og efnaeiginleikar.**

Form: Hlaup  
 Lykt: Sterk og óþægileg  
 Suðumark: < 149 °C  
 Sýrustig (pH): Á ekki við  
 Leysanleiki í vatni: Fjölliðast  
 Rúmpyngd: 1,1 við 24 °C  
 Rokefnainnihald: 75% af þunga; 836 g/l  
 Gufuþrýstingur: > 0,2 mm Hg við 24 °C  
 Gufuþyngd (Loft = 1): Um 3,0  
 Rokhraði: Ekki mældur

**10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).****Stöðugleiki:** Stöðugt við eðlilegar aðstæður.**Hættuleg fjölliðun:** Getur átt sér stað við of mikla hvatningu (hvata) eða ónóga loftun eftir hvörfun. Sú fjölliðun er varmaafgefandi.**Efni sem valda virkni:** Fjölliðast með vatni, alkahóli, amínum eða bösum.**Aðstæður sem ber að forðast:** Forðist að efnið snerti fatnað, vefjarefni, tuskur eða þurrkur. Snerting við þessi efni geta valdið fjölliðun.**Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita:** Óþægilegar gastegundir.**11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)****12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.** Engar upplýsingar um skaðsemi.**13. Förgun.** Efninu og tæmdum umbúðum þess skal farga í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð iðnaðarúrgangs í viðkomandi sveitarfélagi. Varan flokkast ekki sem hættulegt úrgangsefni.

<b>14. Flutningur:</b>	DOT: (49CFR 172)
<b>Landflutningur:</b>	
Heiti flutningsflokks (DOT):	Frjáls
Hættuflokkur:	Enginn
UN/ID Nr.	Ekkert
Spilliefni í sjó:	EKKI
<b>Lofflutningur (IATA):</b>	
Rétt heiti flutningsflokks:	Frjálst (sé magn ekki yfir 1 pint)
Flokkur eða deild:	Enginn
UN/NA Nr.	EKKert
<b>IMDG:</b>	
Rétt heiti flutningsflokks:	Frjálst
Hættuflokkur:	Enginn
UN Nr.	Ekkert

**15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.**

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

**Varnaðarmerking:** Engri sérstakri hættu stafar af þessari vöru.

**Hættusetningar:** **H36/37/38** Ertir augu, öndunarfæri og húð.

**H22** Hættulegt við inntöku.

**H40** Getur hugsanlega valdið krabbameini

**H41** Hætta á alvarlegum augnskaða.

**Varnaðarsetningar:** **V26** Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

**V36/37/39** Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

**Ath.** Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 82196 Ultra Bond Super Glue Gel innan þessa forms. Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

**16. Aðrar upplýsingar:**

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

**Hætta gagnvart heilsu:** Flokkur 2. Efni sem getur við mikla eða ítrekaða snertingu valdið tímabundnum veikindum eða meiðslum séu ráðstafanir ekki gerðar í tíma.

**Eldhætta:** Flokkur 2. Efni sem þarfnast talsverðrar forhitunar til að íkviknun sé möguleg.

**Hætta á efnahvörfum:** Flokkur 1. Efni sem er stöðugt við eðlilegar aðstæður en getur við hitun/þrýsting hverfst rólega með vatni.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

**Eitrunarhætta:** Flokkur 2. Lítilsháttar.

**Eldhætta:** Flokkur 2: Brennanlegt (suðumörk <38 °C)

Framhald á bls. 5

**Hætta á heilsutjóni:** Flokkur 0: Nánast engin.  
Síðasta endurskoðun útgáfu: 5.6.2002

**Unnið af:** Denise Boyd, Health and Safety Manager. PermatexInc. CT. USA.

**Sími:** 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 10.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílanaust hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 82196.

Þýtt og uppsett fyrir Bílanaust hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.